

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 360.00 (8. áhættuflokkur).

Þó skal iðgjald af trillubátum aldrei vera lægra en kr. 6 000.00.

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta eða stærri kr. 486.00 (9. áhættuflokkur).

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 581.00 (10. áhættuflokkur).

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta eða stærri kr. 581.00 (10. áhættuflokkur).

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættugjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir, skal vera kr. 60.00 fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingu eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst ársiðgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar	kr. 1 500
Vegna rafstöðvar	— 750
Vegna súgþurrkunartækis	— 750
Vegna heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 750
Vegna bifhjóls	— 2 400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 2 400

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar, til að gilda frá 1. janúar 1976. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 391, 23. desember 1974, um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. janúar 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um prófun búvéla.

1. gr.

Bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins annast prófun búvéla og verkfæra í þeim tilgangi, að reyna hæfni og notagildi þeirra við íslenskar aðstæður. Tilhögun á prófun getur verið þrennskonar.

- Prófun einstakra búvéla að beiðni framleiðanda eða umboðsmanns hans.
- Telji Bútæknideild ástæðu til, getur hún haft frumkvæði um prófun einstakra búvéla. Skal þá framleiðanda eða umboðsmanni hans tilkynnt um prófunina.
- Samanburðartilraunir á vélum og verkfærum af hliðstæðri gerð, þegar Bútæknideild telur ástæðu til.

2. gr.

Prófun búvéla á vegum Bútæknideildar fer fram að Hvanneyri eða öðrum þeim stað, er deildin ákveður.

3. gr.

Beiðni um prófun á landbúnaðartæki skal vera skrifleg og sendast Bútæknideild með góðum fyrirvara. Beiðninni skal fylgja lýsing á gerð og vinnubrögðum tækisins.

4. gr.

Samþykki Bútæknideild að taka viðkomandi búvél í prófun, skal umsækjandi sjá um flutning hennar á prófunarstað fyrir þann tíma, er Bútæknideild til tekur. Sé prófun búvélar bundin við vissan árstíma, skal hún send Bútæknideild minnst tveim vikum áður en hann gengur í garð.

5. gr.

Eigi skal endurprófa búvél, nema sérstakar ástæður komi til að mati Bútæknideildar.

6. gr.

Umsækjandi ber ábyrgð á því, að búvél, sem send er til prófunar, sé að öllu leyti eins að allri gerð og vélar þær af sömu tegund, sem eru á markaðnum.

Umsækjandi ber einnig ábyrgð á því, að vélin sé rétt samsett og rétt stillt, þegar prófun hefst. Hann skal og láta í té fullnægjandi upplýsingar um notkun og viðhald vélarinnar.

7. gr.

Umsækjandi um prófun skal afhenda Bútæknideild endurgjaldslaust vél þá, sem reyna skal, og hefur deildin full umráð yfir henni á meðan prófun stendur yfir. Þá skal hann láta deildinni í té varahluti í vélina, svo sem nauðsyn krefur við prófunina.

Umsækandi kostar flutning á vél sinni til og frá prófunarstað.

Bútæknideild er undanþegin allri ábyrgð og bótaskyldu vegna tjóns, sem prófunarvél kann að verða fyrir við prófunina.

8. gr.

Umsækjandi eða umboðsmanni hans er heimilt að vera viðstaddur prófun vélar sinnar. Að öðru leyti ákveður Bútæknideild í hvert sinn, hverjum skuli vera heimilt að fylgjast með búvélaprófunum.

9. gr.

Bútæknideild er skylt að láta umsækjanda í té bráðabirgðaskýrslur um niðurstöður prófunar eigi síðar en mánuði eftir að henni lýkur.

Endanleg skýrsla um umbeðna prófun (skv. 1. gr. a.) skal birt opinberlega, nema fyrir liggi skrifleg yfirlýsing umsækjanda þess efnis, að hann muni ekki bjóða viðkomandi vél til sölu hér á landi. Taki annar aðili upp verslun með sömu vél, þótt undir öðru merki sé, skal skýrslan birt með viðeigandi skýringum.

Prófunarskýrslu skal senda framleiðanda eða umboðsmanni hans til yfirlustrar og umsagnar, áður en hún er sett í prentun. Skriflegar athugasemdir skulu berast Bútæknideild fyrir tilskilinn tíma.

10. gr.

Óheimilt er að nota prófunarskýrslu í auglýsingarskyni, fyrr en endanleg skýrsla Bútæknideildar liggur fyrir. Er þá heimilt að birta skýrsluna orðrétt í heild eða lokaorð hennar. Hins vegar er óheimilt að draga úr skýrslunni einstakar málsgreinar, tölflur eða línurit til birtingar, nema skriflegt samþykki Bútæknideildar liggi fyrir.

Niðurstöður búvélaprófana eiga aðeins við um vélar, sem eru eins og prófunarvélin að allri gerð og byggingu sbr. 6. gr. 1. mgr.

11. gr.

Gjald fyrir prófun búvélar greiðist við lok prófunar samkvæmt gjaldskrá, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins ákveður í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt V. kafla laga nr. 64 21. maí 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 33 12. apríl 1962.

Landbúnaðarráðuneytið, 9. janúar 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

9. janúar 1976.

Nr. 8.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa utanríkisþjónustunnar.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	kr. 2 000.00
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa, sem eru 67 ára og eldri eða hafa eigi náð 18 ára aldri	— 1 000.00
3. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	— 350.00
4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal	— 350.00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1976. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 22. desember 1972.

Utanríkisráðuneytið, 9. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.